

**Grunnskólinn í Hveragerði**

Skólamörk 6  
810 Hveragerði



# Lestrarstefna

# Grunnskólans í Hveragerði

***Vinnuhópur:***

Birna Torfadóttir

Erna Ingvarsdóttir

Erna Valdimarsdóttir

Inga Lóa Hannesdóttir

Lilja Guðmundsdóttir

Viktoría Sif Kristinsdóttir

*Úr aðalnámskrá grunnskóla:*

„Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar. Hún er einnig forsenda lestraráhuga og þess að njóta bókmennta til afþreyingar og skemmtunar. Lestur eykur orðaforða og stuðlar að betra valdi á máli en hvort tveggja er mikilvægt í mannlegum samskiptum.

Frjáls lestur á að skipa fastan sess á öllum stigum grunnskóla. Leggja ber áherslu á fjölbreytt lesefni, bæði prentað efni í bókum og hvers konar ritum og einnig lesefni á Netinu.“

### **Hlutverk heimilis**

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna með því að hlusta á þau lesa daglega. Mikilvægt er að foreldrar séu þátttakendur í lestrarnámi barnanna og gefi sér tíma til að ræða innihald þess sem lesið er, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst. Æskilegt er að foreldrar lesi reglulega fyrir börnin sín.

**Lestrarkennsla nemenda við Grunnskólann í Hveragerði er samvinnuverkefni heimilis og skóla.**

### **Lestrarkennsluaðferðir:**

**Hljóðaaðferð** byggist á því að kenna bæði heiti og hljóð allra bókstafanna. Lögð er áhersla á að kenna hljóð stafanna til að þeir séu auðveldari í tengingu þ.e. tengja saman tvö eða fleiri hljóð sem mynda svo orðið eða orðin. Ef barnið hefur hljóðin á valdi sínu auðveldar það líka að rita orðin rétt.

**Heildaraðferð** (heildarlestur) hentar vel þeim nemendum sem gengur illa að festa í minni tákni þ.e. heiti og hljóð bókstafanna. Það hentar því vel að nota þessa aðferð í sérkennslu þegar nemandinn nær ekki að nýta sér hljóðaaðferðina til að ná tökum á lestrinum. Heildaraðferð byggist á því að gengið er út frá heilum setningum og þær síðan bútaðar niður í smærri einingar (orð-samstöfur-hljóð). Þá hjálpar það þessum nemendum að þegar notaðar eru heilar setningar að innihaldið þeirra er lestrarhvetjandi og gerir lesturinn skemmtilegri og stuðlar þannig smám saman að lestrarfærni.

**Orðaaðferð** var notuð áður fyrr en er ekki lengur mikið notuð nema þá t.d. við lestur algengra smáorða sem er mjög gott að geta lesið leiftursnöggt og reyna þá að muna útlit orðsins. Litla gula hænan er gott dæmi um lestur þar sem eru miklar endurtekningar og byggist þá æfingin á orðaaðferð.

*Lestrarferilsblað fylgir nemendum upp alla skólagönguna.*

- *Hljóðlestrarstund einu sinni til þrisvar í viku, korter í senn.*

## Lestur í skóla.

### 1. bekkur

#### Áherslur í kennslu

Í 1. bekk er lögð áhersla á hljóðlestraráæfing. Einnig eru nýttar hugmyndir úr öðrum kennsluáæfingum, s.s. byrjendalæsi, orðaáæfing ofl. Í upphafi vetrar er lögð áhersla á markvissa málörvun, en það er framhald þeirrar vinnu sem fram fór í leikskólanum þar sem allir nemendur fara í gegnum Hljóm-próf á leikskóla.

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum eftir því hvar þeir eru staddir, unnið er með tengsl stafs og hljóðs, leshraða, lestraröryggi og lesskilning. Lesið er fyrir nemendum í nestistímum einnig hlustað á sögur á bandi. Stefnt er að því að allir nemendur lesi fyrir kennara sinn á hverjum degi. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á námskynningu í september.

Þeir nemendur sem uppfylla ekki viðmið á skimunarprófinu Leið til læsis fá aukna þjálfun hjá sérkennara í snemmtækri íhlutun.

Nemendur lesa hverja blaðsíðu að minnsta kosti tvisvar sinnum á meðan þeir eru að ná tökum á tækninni.

#### Hlutverk heimilis

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna með því að hlusta á þau lesa daglega. Mikilvægt er að foreldrar séu þátttakendur í lestrarnámi barnanna og gefi sér tíma til að ræða innihald þess sem lesið er, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst. Æskilegt er að foreldrar lesi reglulega fyrir börnin sín.

#### Námsmat og skimanir:

Allir nemendur sem hefja nám í fyrsta bekk hafa tekið **Hljóm – 2** sem er athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna. Niðurstöður úr þessu prófi eru hafðar til hliðsjónar þegar meta á þörf á sértækri eftirfylgni og/eða sérkennslu.

Sept/okt **Tove Krog teikniþróf** kannar athygli/einbeitingu, málskilning, fínhyringar, formskyn, talnagildi o.fl. Bekkjarkennari og sérkennari leggja prófið fyrir og fara yfir niðurstöður. Þeir nemendur sem koma mjög illa út í þessari könnun þurfa að fara í nánari greiningu t.d. málþroskaþróf.

okt/maí **Leið til læsis** nýtt skimunarpróf sem kannar alla þá þætti sem hafa forspárgildi varðandi lestrarnám t.d. færni í stafabekkingu, umskráningu og lesskilningi. Í framhaldi af fyrsta prófinu eru eftirfylgniþróf sem eru gerð til að fylgjast með framförum nemanda í lestri alveg frá 1.-4. bekkjar. Bekkjarkennari leggur þetta próf fyrir með aðstoð sérkennara.

Vorönn **Yfirlitsþróf (Kristín A.) í lestri og skrift** (48 atriði) þar kemur í ljós hvort barnið getur skrifað bókstafina eftir upplestri, hljóðgreining o.fl. Sérkennari og bekkarkennari leggja þetta próf fyrir en sérkennari fer yfir niðurstöðurnar.

## Lestrarviðmið:

Lestur að vori:

Mjög gott - hærra en 3 á stöðluðu hraðaprófi

Góð tök 2-3 á stöðluðu hraðaprófi

Sæmilegt 1-2 á stöðluðu hraðaprófi

Stutt á veg komin 0-1 ekki tímabært að leggja fyrir staðlað hraðapróf

## 2. bekkur:

### Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er áfram lögð áhersla á hljóðlestraraðferð og aðferðir byrjendalæsis. Nemendum er mætt þar sem þeir eru staddir í lestrinum. Unnið er jafnhliða með lestur og ritun. Lesskilningur er efldur með því að vinna með hugtök, efla orðaforða og ályktunarhæfni nemenda. Lesið er fyrir nemendur í nestistímum, einnig hlustað á sögur af bandi. Hver nemandi les reglulega fyrir kennarann sinn. Nemendur sem eru verulega undir viðmiði árgangsins fá aukna þjálfun hjá sérkennara. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á haustfundi.

Nemendur lesa hverja blaðsíðu að minnsta kosti tvisvar sinnum á meðan þeir eru að ná tókum á tækninni.

Framsögn æfð reglulega.

### Hlutverk heimilis

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna með því að hlusta á þau lesa daglega. Mikilvægt er að foreldrar séu þátttakendur í lestrarnámi barnanna og gefi sér tíma til að ræða innihald þess sem lesið er, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst. Æskilegt er að foreldrar lesi reglulega fyrir börnin sín.

### Námsmat og skimanir:

Sept/okt **Yfirlitspróf í lestri og skrift** 48 atr. (aftur ef þarf) fyrir slaka nemendur.

Sept/feb **Leið til læsis.** Skimunarpróf Steinunnar Torfa. og Helgu Sigurmunds. fyrir þá sem þurfa eftirfylgni.

Des/jan. **Yfirlitspróf KA í lestri og skrift** (53 atriði). Sama stafakönnun lögð fyrir og í því fyrra en til viðbótar að rita orð, setningar og lesa léttan texta (lesskiln). Sérkennari og bekkjarkennari leggja þetta próf fyrir en sérkennari fer yfir niðurstöðurnar.

Vorönn **Aston Index stafsetningarskimun** fyrir 2. bekk. Þetta er greinandi skimun þar sem börnin rita 20 orð eftir upplestri. Niðurstaðan gefur vísbendingu hverjir eru í áhættuhópi hvað varðar dyslexíu. Umsjónarkennari leggur þetta próf fyrir en sérkennari fer yfir og gerir grein fyrir niðurstöðum.

### **Lestrarviðmið miðsvetrarpróf:**

Mjög gott - hærra en 4 á stöðluðu hraðaprófi

Gott 3-4 á stöðluðu hraðaprófi

Sæmilegt 2-3 á stöðluðu hraðaprófi

Ábótavant lægra en 2 á stöðluðu hraðaprófi

### **Lestrarviðmið að vori:**

Mjög gott hærra en 5 á stöðluðu hraðaprófi

Gott 4-5 á stöðluðu hraðaprófi

Sæmilegt 3-4 á stöðluðu hraðaprófi

Ábótavant lægra en 3 á stöðluðu hraðaprófi

## **3. bekkur**

### **Áherslur í kennslu**

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Unnið er jafnhliða með lestur og ritun. Lesskilningur er efldur með því að vinna með hugtök, efla orðaforða og ályktunarhæfni nemenda. Lesið er fyrir nemendur í nestistímum og hver nemandi les reglulega fyrir kennarann sinn. Nemendur sem eru verulega undir viðmiði árgangsins fá aukna þjálfun hjá sérkennara. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á haustfundi.

Nemendur lesa hverja blaðsíðu að minnsta kosti tvisvar sinnum á meðan þeir eru að ná tökum á tækninni.

Framsögn æfð reglulega.

Í 3. bekk er lestrarkennslan brotin upp með skipulögðu lestrarátaki í 6 vikur.

Meginmarkmið þessa lestrarátaks er:

- að þjálfra áheyrilegan upplestur
- að efla lesskilning og lestarleikni
- að auka lestrarlöngun nemandans
- að bæta skrift og setningamyndun

### **Hlutverk heimilis**

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna með því að hlusta á þau lesa daglega. Mikilvægt er að foreldrar séu þátttakendur í lestrarnámi barnanna og gefi sér tíma til að ræða

innihald þess sem lesið er, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst. Æskilegt er að foreldrar lesi reglulega fyrir börnin sín.

### Námsmat og skimanir

- Des/jan. **Aston Index stafsetningarskimun** f. 3. bekk sem gefur vísbendingu um hverjir þurfa sérkennslu og/eða gefa sérstakan gaum í ritun. Þarna sést líka að þau börn sem eru með dyslexíu eru með margar og/eða sértækar villur sem einkenna þau frá hinum sem ekki eru með sértæka lestrarörðugleika. Umsjónarkennari leggur þetta próf fyrir en sérkennari fer yfir og gerir grein fyrir niðurstöðum.
- Sept/feb **Leið til læsis.** Skimunarpróf Steinunnar Torfa. og Helgu Sigurmunds. lögð fyrir þau börn sem þurfa eftirfylgni.
- Sept/jan **Orðarún.** Lesskilningspróf eftir Dagnýju Birnis, Rósu Eggerts. og Amalíu Björnsd.
- Des/jan. **LH-60 lesskilningspróf.** Nemendur lesa texta og finna hvaða ein mynd af fimm passar við textann. Tímatakörk sem hafa áhrif á niðurstöður. Sérkennari leggur þetta próf fyrir og gerir grein fyrir niðurstöðum.

### Lestur miðsv.pr.:

Mjög gott - hærra en 6 á stöðluðu hraðaprófi

Gott 4 – 5 á stöðluðu hraðaprófi

Sæmilegt 4-5 á stöðluðu hraðaprófi

Ábótav. lægra en 4 á stöðluðu hraðaprófi

### Lestrarviðmið að vori:

Mjög gott hærra en 7 á stöðluðu hraðaprófi

Gott 6-7 á stöðluðu hraðaprófi

Sæmilegt 5-6 á stöðluðu hraðaprófi

Ábótavant lægra en 5 á stöðluðu hraðaprófi

### 4. bekkur:

#### Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Unnið er jafnhliða með lestur og ritun. Lesskilningur er efldur með því að vinna með hugtök, efla orðaforða og ályktunarhæfni nemenda. Lesið er fyrir nemendur í nestistímum og hver nemandi les reglulega fyrir kennarann sinn. Nemendur sem eru verulega undir viðmiði árgangsins fá aukna þjálfun hjá sérkennara.

Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á haustfundum. Nemendur lesa hverja blaðsíðu að minnsta kosti tvisvar sinnum á meðan þeir eru að ná tökum á tækninni.

Framsögn æfð reglulega.

### Hlutverk heimilis

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna með því að hlusta á þau lesa daglega. Mikilvægt er að foreldrar séu þátttakendur í lestrarnámi barnanna og gefi sér tíma til að ræða innihald þess sem lesið er, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst. Æskilegt er að foreldrar lesi reglulega fyrir börnin sín.

### Námsmat og skimanir

Sept	<b>Samræmd könnunarpróf.</b>
Sept/jan	<b>Orðarún.</b> Lesskilningspróf eftir Dagnýju Birnis, Rósu Eggerts. og Amalíu Björnsd.
Sept/feb	<b>Leið til læsis.</b> Skimunarpróf Steinunnar Torfa. og Helgu Sigurmunds. lögð fyrir þá nemendur sem þurfa eftirfylgni.
Vorönn	<b>Aston Index stafsetningarskimun f. 4.</b> bekk (sjá skýringu frá 3. bekk). Umsjónarkennari leggur þetta próf fyrir en sérkennari fer yfir og gerir grein fyrir niðurstöðum.

### Lestrarviðmið að vori:

Mjög gott hærra en 8 á stöðluðu hraðaprófi

Gott 7-8 á stöðluðu hraðaprófi

Sæmilegt 6-7 á stöðluðu hraðaprófi

Ábótavant lægra en 6 á stöðluðu hraðaprófi

## 5. bekkur

### Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Unnið er jafnhliða með lestur og ritun. Lesskilningur er eflur með því að vinna með ýmis hugtök efla orðaforða og ályktunarhæfni nemenda. Lesið er fyrir nemendur í nestistímum. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á skólafærninámskeiði í september. Þeir nemendur sem ná ekki viðmiði árgangsins í lestri fá aukna þjálfun hjá sérkennara. Haldið er áfram með að láta nemendur lesa upphátt heima á hverjum degi sem og í skólanum. Í 5. bekk bætast einnig við lesgreinar og eru nemendur látnir lesa upphátt hver fyrir annan eftir því sem

ráðrúm gefst. Einnig lesa kennarar töluvert upphátt fyrir nemendur sína. Hver nemandi hefur bók til að lesa í heima og aðra til að lesa í skólanum.

Framsögn æfð reglulega.

## Gagnvirkur lestur

Gagnvirkur lestur felur í sér kennslu fjögurra þátta, sem oftast fer fram í hópakennslu. Nemendum er kennt:

- að taka saman meginatriði efnisins
- að spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans
- að leita skýringa þegar skilning brestur eða eitthvað er óljóst
- að spá fyrir um framhald texta.

Nemendur læra að taka saman meginatriði til að greina mikilvægustu atriði textans. Einnig að spyrja spurninga um efni textans á mismunandi hátt. Tilgangur þess að spyrja spurninga er að athuga hvort lesandi hafi skilið efnið og fest í minni það sem mikilvægt er að muna úr því. Að útskýra krefur nemendur um að taka eftir orðum eða hugtökum sem þeir skilja ekki og leita skýringa. Með því að spá fyrir rifja nemendur upp það sem þeir vita fyrir um efnið og setja fram tilgátu um hvað gæti gerst næst. Síðan lesa þeir áfram til að sannreyna, afsanna eða endurskoða tilgátuna. Þessir þættir auka skilning og gefa lesara tækifæri til að fylgjast með skilningi sínum sem er hluti af góðri námsvitund. Nemendur læra að nálgast lestur á virkan og skipulagðan hátt og læra námshegðun sem hjálpar þeim að verða sjálfstæðari í lestri sínum og færari um að fást við stöðugt flóknara lesefni.

## Hlutverk heimilis

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna með því að hlusta á þau lesa daglega. Mikilvægt er að foreldrar séu þátttakendur í lestrarnámi barnanna og gefi sér tíma til að ræða innihald þess sem lesið er, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst.

## Námsmat og skimanir.

Des/jan. **Yfirlitspróf í lestri og skrift (Kristín Aðalsteins.)** fyrir 5. bekk. Lestexti lesin á 15 mín. með 32 svigum þar sem nemandinn þarf að velja eitt orð af þremur sem passar best í textann. Mælir lestrarhraða og skilning. Einnig stuttur stafsetningartexti sem er lesinn upp. Þeir sem eru með 10 villur eða fleiri teljast eiga í örðugleikum og þarf að athuga nánar. Umsjónarkennari leggur þetta próf fyrir en sérkennari fer yfir og gerir grein fyrir niðurstöðum.

Sept/jan **Orðarún.** Lesskilningspróf eftir Dagnýju Birnis, Rósu Eggerts. og Amalíu Björnsd.

Vorönn **LH-40 lesskilningspróf.** Nemendur lesa texta og finna hvaða ein mynd af fimm passar við textann. Tímatakörk sem hafa áhrif á niðurstöður. Sérkennari leggur þetta próf



fyrir og gerir grein fyrir niðurstöðum. Æskilegt er að leggja þetta próf aftur fyrir í 6. bekk fyrir þá nemendur sem koma illa þ.e. lenda ekki í flokki **A eða B**.

Hraðapróf eru lögð fyrir af umsjónarkennurum. Lestrarviðmið að vori er 8,5.

## **6. bekkur**

### **Áherslur í kennslu**

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Í náminu reynir á að nemendur geti leitað sér þekkingar í gegnum lestur og því vinna þeir fjölbreytt verkefni sem reyna á lesskilning og ritun.

Nemendur lesa áfram heima og í skólanum eftir því sem tími vinnst til. Mikil áhersla er lögð á heimalesturinn og að nemendur lesi áfram upphátt heima. Einnig lesa kennarar töluvert upphátt fyrir nemendur sína. Hver nemandi hefur bók til að lesa í heima og aðra til að lesa í skólanum.

Framsögn æfð reglulega.

Þeir nemendur sem ekki ná viðmiðum árgangsins fá aukna þjálfun hjá sérkennara.

Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á haustfundi.

### **Gagnvirkur lestur**

Gagnvirkur lestur felur í sér kennslu fjögurra þátta, sem oftast fer fram í hópakennslu. Nemendum er kennt:

- að taka saman meginatriði efnisins
- að spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans
- að leita skýringa þegar skilning brestur eða eitthvað er óljóst
- að spá fyrir um framhald texta.

Nemendur læra að taka saman meginatriði til að greina mikilvægustu atriði textans. Einnig að spyrja spurninga um efni textans á mismunandi hátt. Tilgangur þess að spyrja spurninga er að athuga hvort lesandi hafi skilið efnið og fest í minni það sem mikilvægt er að muna úr því. Að útskýra krefur nemendur um að taka eftir orðum eða hugtökum sem þeir skilja ekki og leita skýringa. Með því að spá fyrir rífa nemendur upp það sem þeir vita fyrir um efnið og setja fram tilgátu um hvað gæti gerst næst. Síðan lesa þeir áfram til að sannreyna, afsanna eða endurskoða tilgátuna. Þessir þættir auka skilning og gefa lesara tækifæri til að fylgjast með skilningi sínum sem er hluti af góðri námsvitund. Nemendur læra að nálgast lestur á virkan og skipulagðan hátt og læra námshegðun sem hjálpar þeim að verða sjálfstæðari í lestri sínum og færari um að fást við stöðugt flóknara lesefni.

## Hlutverk heimilis

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna með því að hlusta á þau lesa daglega. Mikilvægt er að foreldrar séu þátttakendur í lestrarnámi barnanna og gefi sér tíma til að ræða innihald þess sem lesið er, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst.

### Námsmat og skimanir:

Des/jan. **Aston Index stafsetningarskimun** fyrir 6. bekk. Umsjónarkennari leggur þetta próf fyrir en sérkennari fer yfir og gerir grein fyrir niðurstöðum.

Sept/jan **Orðarún.** Lesskilningspróf eftir Dagnýju Birnis, Rósu Eggerts. og Amalíu Björnsd.

Hraðapróf eru lögð fyrir af umsjónarkennurum. Lestrarviðmið að vori er 8,5.

## 7. bekkur

### Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Námið felur í sér að nemendur geti leitað sér þekkingar í gegnum lestur og vinna þeir fjölbreytt verkefni sem reyna á lesskilning og ritun. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á haustfundi.

Nemendur lesa áfram heima sem og í skólanum eftir því sem tími vinnst til og um miðjan nóvember tekur við undirbúningur vegna Stóru upplestrarkeppninnar sem Grunnskólinn tekur þátt í ár hvert. Undirbúningur hennar felst í upplestri á ýmiskonar textum, hlustun og framsögn. Einnig lesa kennarar töluvert upphátt fyrir nemendur sína. Hver nemandi hefur bók til að lesa í heima og aðra til að lesa í skólanum.

Framsögn æfð reglulega.

### Gagnvirkur lestur

Gagnvirkur lestur felur í sér kennslu fjögurra þátta, sem oftast fer fram í hópakennslu. Nemendum er kennt:

- að taka saman meginatriði efnisins
- að spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans
- að leita skýringa þegar skilning brestur eða eitthvað er óljóst
- að spá fyrir um framhald texta.

Nemendur læra að taka saman meginatriði til að greina mikilvægustu atriði textans. Einnig að spyrja spurninga um efni textans á mismunandi hátt. Tilgangur þess að spyrja spurninga er að athuga hvort lesandi hafi skilið efnið og fest í minni það sem mikilvægt er að muna úr því. Að útskýra krefur nemendur um að taka eftir orðum eða hugtökum sem þeir skilja ekki og leita skýringa. Með því að spá fyrir rifja nemendur upp það sem þeir vita fyrir um efnið og setja fram tilgátu um hvað gæti gerst næst. Síðan lesa þeir áfram til að sannreyna, afsanna eða endurskoða tilgátuna. Þessir þættir auka skilning og gefa lesara tækifæri til að fylgjast með skilningi sínum sem er hluti af góðri námsvitund. Nemendur læra að nálgast lestur á virkan og skipulagðan hátt og læra námshegðun

sem hjálpar þeim að verða sjálfstæðari í lestri sínum og færari um að fást við stöðugt flóknara lesefni.

### Hlutverk heimilis

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna með því að hlusta á þau lesa daglega. Mikilvægt er að foreldrar séu þátttakendur í lestrarnámi barnanna og gefi sér tíma til að ræða innihald þess sem lesið er, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst.

### Námsmat og skimanir:

Sept	<b>Samræmd könnunarpróf.</b>
Vorönn	<b>Aston Index stafsetningarskimun</b> fyrir 7.bekk. Umsjónarkennari leggur þetta próf fyrir en sérkennari fer yfir og gerir grein fyrir niðurstöðum.
Sept/jan	<b>Orðarún.</b> Lesskilningspróf eftir Dagnýju Birnis, Rósu Eggerts. og Amalíu Björnsd.
Vorönn	<b>Réttritunar og lestrarpróf fyrir 8. bekk (Kristín Aðalsteins.)</b> Lestexti lesinn á 10 mín. með 32 svigum þar sem nemandinn þarf að velja eitt orð af þremur sem passar best í textann. Prófið mælir lestrarhraða og skilning. Einnig er lesinn upp stuttur stafsetningartexti. Þeir sem eru með 12 villur eða fleiri teljast eiga í örðugleikum. Umsjónarkennari leggur þetta próf fyrir en sérkennari fer yfir og gerir grein fyrir niðurstöðum.

Hraðapróf eru lögð fyrir af umsjónarkennurum. Lestarviðmið að vori er 8,5.

### 8. bekkur

Aukin áhersla hefur verið lögð á lestur á elsta stigi síðustu ár. Nemendur lesa bæði nútímabókmenntir og Íslendingasögur í öllum bekkjum.

Áfram er lögð áhersla á að nemendur lesi sér til ánægju sem og fróðleiks. Þeir nemendur sem enn þurfa á sértækri íhlutun að halda fara áfram í sérkennsluver. Nemendur lesa upphátt í sem flestum greinum eftir því sem hægt er að koma því við. Einnig lesa kennarar töluvert upphátt fyrir nemendur sína. Hver nemandi hefur bók til að lesa í heima og aðra til að lesa í skólanum.

Framsögn æfð reglulega.

### Námsmat og skimanir.

Sept/jan	<b>Orðarún.</b> Lesskilningspróf eftir Dagnýju Birnis, Rósu Eggerts. og Amalíu Björnsd.
----------	---

### 9.bekkur

Aukin áhersla hefur verið lögð á lestur á elsta stigi síðustu ár. Nemendur lesa bæði nútímabókmenntir og Íslendingasögur í öllum bekkjum.

Áfram er lögð áhersla á að nemendur lesi sér til ánægju sem og fróðleiks. Þeir nemendur sem enn þurfa á sértækri íhlutun að halda fara áfram í sérkennsluver. Nemendur lesa upphátt í sem flestum

greinum eftir því sem hægt er að koma því við. Einnig lesa kennarar töluvert upphátt fyrir nemendur sína. Hver nemandi hefur bók til að lesa í heima og aðra til að lesa í skólanum.

Framsögn æfð reglulega.

### **Námsmat og skimanir:**

**GRP -14 lestrarskimun** Kennsluráðgjafi leggur þetta próf fyrir og þeir sem koma illa út úr þessu prófi fara í nánari einstaklingsgreiningu.

### **10. bekkur**

Aukin áhersla hefur verið lögð á lestur á elsta stigi síðustu ár. Nemendur lesa bæði nútímabókmenntir og Íslendingasögur í öllum bekkjum.

Áfram er lögð áhersla á að nemendur lesi sér til ánægju sem og fróðleiks. Þeir nemendur sem enn þurfa á sértækri íhlutun að halda fara áfram í sérkennsluver. Nemendur lesa upphátt í sem flestum greinum eftir því sem hægt er að koma því við. Einnig lesa kennarar töluvert upphátt fyrir nemendur sína. Hver nemandi hefur bók til að lesa í heima og aðra til að lesa í skólanum.

Framsögn æfð reglulega.

Sept **Samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku.**

### **Lestrarörðugleikar**

Lestrarörðugleikar geta stafað af:

- Almennum námsörðugleikum þar sem erfiðleikar í lestrarnáminu eru hluti almenna vandans.
- Sértækum námsörðugleikum, þar sem skert sjón, heyrn, hreyfifærni, tal eða aðrir líffræðilegir erfiðleikar eru til staðar.
- Félags- og tilfinningalegum örðugleikum.
- Dyslexiu (leshömlun). Skert hljóðkerfisvitund er talin vera meginorsök dyslexíu. Einkenni hennar eru einstaklingsbundin og margþætt. Það sem skilur lesamlaða frá öðrum með lesröskun er að vandamál þeirra eru sérstaklega langvarandi og erfitt að vinna bug á þeim en tekst oft mjög vel með markvissum vinnubrögðum og góðri samvinnu heimilis og skóla.

### **Viðbrögð við lestrarörðugleikum**

Ef grunur vaknar um að nemandi sé með sértæka lestrarörðugleika er í samráði við foreldra lagt fyrir nemandann greinandi próf. Í framhaldi af því er unnið út frá niðurstöðum þess.

## Námsmat í lestri:

### Raddlestrarpróf

Markmið með raddlestrarprófi er að meta hversu hratt og nákvæmt nemandinn getur lesið upphátt, hvort hann tekur eðlilegum framförum og hvar hvar hann stendur miðað við viðmið árgangsins. Lestrarnákvæmni telst viðunandi ef villur eru undir 3% af lesnum texta. Í niðurstöðum prófanna kemur alltaf fram hversu mörg atkvæði nemandinn las á mínútu og hversu nákvæmt hann las.

### Fyrirgjöf í raddlestrarprófi

Reiknireglan er fjöldi rétt lesinna atkvæða á mínútu

Við útreikninginn er unnið út frá eftirfarandi reglum:

Ef einn stafur/hljóð er rangt lesið er allt orðið rangt, þ.e. öll atkvæði eru talin röng. – Dæmi: lækjarsprænuna > lækjasprænuna; ef r fellur brott inni í orði telst allt orðið rangt, þ.e. 5 atkvæði

Ef kennari segir orð sem barnið kemur ekki frá sér telst orðið rangt.

Taka skal tillit til nemenda með framburðargalla og þeirra sem stama.

Lestrarnákvæmni er reiknuð þannig:

Fjöldi rangt lesinna atkvæða/fjöldi lesinna atkvæða x 100 = villuprósentu.

### Framsagnarpróf

Þegar nemandi hefur náð 8,5 í einkunn þrisvar sinnum á raddlestrarprófi fer hann í framsagnarpróf. Þar er metin framsögn, öryggi og túlkun.

### Lesskilningspróf

Lesskilningspróf meta skilning nemenda á lesnu efni, bæði afþreyingar- og fræðsluefni. Allir nemendur í 3. – 8. bekk fara í lesskilningspróf (Orðarún) í september og janúar.